

18. tbl.

3. maí. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

VERTU ÞÍN EIGIN FYRIRMYND FJARNÁMSKEIÐ



NÁMSKEIÐIÐ
STENDUR YFIR Í 5
VIKUR OG BYRJAR
8. MAÍ, RAFRÆNT

KENNT VERÐUR Á
MÁNUDÖGUM,
MIÐVIKUDÖGUM OG
FRÁ 14:00-16:00

VERÐ: 66.000 KR

FRÁBÆRT OG KRÖFTUGT NÁMSKEIÐ FYRIR
KONUR Á ÖLLUM ALDRI SEM VILJA SKAPA
EIGIÐ LÍF OG BÆTA SJÁLFSMYND SÍNA



Á námskeiðinu færð þú aukin verkfæri til að:

- Nota hugsanastjórnun og tilfinningastjórnun til að gera breytingar í lífinu
- Bæta sjálfsmynd þína
- Ná stjórn á mataræðinu
- Trúa nýjum hlutum um þig
- Bæta öll sambönd í lífi þínu
- Fara eftir draumum þínum
- Ná öllum markmiðum
- Auka sjálfsöryggi þitt
- Minnka streitu
- Tileinka þér sjálfsaga og seiglu

DÖGG STEFÁNSDÓTTIR

Dögg er lífsþjálfari og hefur verið að vinna í lífsþjálfunarprógamminu Lífið með Lindu Péturs síðan 2021. Hún hefur einnig verið með konur í einkatímum og kennt námskeið hjá Þekkingarnetinu.



Við hvetjum þátttakendur til að kanna möguleika á endurgreiðslu þátttökugjalds hjá starfsmenntasjóðum stettarfélaga. Félagsmenn í Framsýn eiga möguleika á allt að 90% endurgreiðslu. Nánari upplýsingar og skráning á hac.is eða í síma 464-5100





23. fundur sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri, Fimmtudaginn 27. apríl 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófúsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

1. Skýrsla sveitarstjóra - 2303021

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega sveitarstjórnarfundum. Skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

2. Sparisjóður Suður-Pingeyinga aðalfundaboð 2023 - 2304013

Lagt fram boð á aðalfund Sparisjóðs-Suður Pingeyinga ses. sem haldinn verður í Skjólbrekku í Mývatnssveit, föstudaginn 28. apríl 2023. Til máls tóku:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

Samþykkt

3. Fundur um málefni Þjóðlenda - 2304026

Lagt fram bréf frá forsætisráðuneytingu dags. 24. mars sl. þar sem boðað er til fundar um málefni Þjóðlenda. Fundurinn fer fram í stjórnsýsluhúsinu á Húsavík 25. maí nk. Til máls tóku:

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins jafnframt hefur fjallskilastjórum verið sent fundarboðið eins og óskað var eftir af hálfu forsætisráðuneytisins.

Samþykkt

4. Umboðsmaður Alþingis - Landeigendur Reykjahlíðar - 2304009

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni Alþingis dags. 4. apríl sl. þar sem landeigendur Reykjahlíðar hafa leitað til umboðsmanns vegna samskipta við sveitarfélagið. Telja þeir að ekki hafi verið brugðist við erindum þeirra sem lúta að meintum rekstri hitaveitu Jarðbaðanna við Jarðbaðshóla við Mývatn.

Umboðsmaður Alþingis óskar eftir að umbeðnar upplýsingar berist eigi síðar en 18. apríl. Erindi umboðsmanns Alþingis barst sveitarfélaginu 13. apríl sl. Sveitarstjóri óskaði eftir fresti til að skila inn umbeðnum upplýsingum og veitti umboðsmaður frest til 28. apríl. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindi umboðsmanns í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Samþykkt

5. Tilnefning í stjórn SSNE - 2304016

Á ársþingi SSNE sem haldið var á Siglufirði 14.-15. apríl síðastliðinn var samþykkt breyting á samþykktum samtakanna þannig að hvert sveitarfélag á nú að skipa einn aðalfulltrúa og

einn varafulltrúa í stjórn SSNE, nema Akureyrarbær sem skipar tvo.

Því óskar SSNE eftir að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar skipi bæði aðalfulltrúa- og vara-
fulltrúa í stjórn SSNE.

Til máls tóku: Árni Pétur Hilmarsson.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tilnefnir sveitarstjóra í stjórn SSNE og Gerði Sigtryggs-
dóttur til vara.

6. Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra - Umsagnarbeiðni rekstrarleyfi Helluland - 2304004

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 11. apríl sl. þar sem Hallgrímur Óli Guðmundsson sækir um rekstrarleyfi, flokkur II G Íbúðir að Hellulandi 2, 641 Húsavík.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnaeftirlitinu, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.

Samþykkt

7. Umsókn um styrk vegna útgáfu bókar - 2304014

Lagt fram bréf frá Veraldarofsa ehf. þar sem óskað er eftir stuðningi við útgáfu bókar um sögu mannlífs, veiða, umhverfis og náttúru Laxár í Þingeyjarsýslu frá Mývatni að Laxárgljúfrum.

Til máls tók. Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn vísar umókn Veraldarofsa ehf. til íþróttá-, tómstunda-, og menningar-
nefndar. Samþykkt

8. Fornleifaskráning á Flateyjardal og í Náttfaravíkum - 2101013

Lagt fram bréf frá Kristborgu Þórisdóttur fornleifafræðingi hjá Fornleifastofnun Íslands, dags. 12. apríl sl. þar sem hún óskar eftir að sveitarfélagið gangi til samninga við Fornleifastofnun um styrk vegna skráningar fornleifa í Náttfaravíkum.

Á 310. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 9. desember 2021 var samþykkt að styrkja verkefnið til tveggja ára um samtals 2 millj. á tveim árum vegna fornleifaskráningar á Flateyjardal og í Náttfaravíkum svo fremi að styrkur fengist til verkefnisins frá Fornminjasjóði. Fyrri hluti verkefnisins hefur þegar verið unnin og styrkti fornminjasjóður verkefnið um 4,5 milljónir. Í mars síðastliðnum veitti fornminjasjóður verkefninu áframhaldandi styrk fyrir árið 2022. Fornleifastofnun óskar eftir því við sveitarfélagið að undirritaður verði samningur um seinni hluta verkefnisins. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samning við Fornleifastofnun að upphæð 1 milljón króna í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá 9. desember 2021 og jafnframt gera viðauka við fjárhagsáætlun áður en til útgreiðslu kemur.

9. Sóknarnefnd Ljósavatnssóknar - Nýr kirkjugarður við Þorgeirskirkju - 2304017

Lagt fram bréf dags. 15. apríl sl. frá Sigurði Birgissyni f.h. sóknarnefndar Ljósavatnssóknar þar sem fram kemur að gamli Ljósavatnaskirkjugarður sé að verða fullsetinn.

Samkvæmt viðmiðunarreglum kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. júlí 2015 sem og lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu lög nr. 36/1993 hafa

sveitarfélög ríka aðkomu að slíkum framkvæmdum. Sóknarnefnd Ljósavatnssóknar óskar eftir fundi með fulltrúa sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa vegna málsins.

Oddvita, sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að funda með bréfitara. Samþykkt **10. Málafni Höfða Mývatnssveit - 2304021**

Lagt fram bréf frá Birki Fanndal dags. 18. apríl sl. þar sem hann fer yfir það sem vel er gert og það sem má bæta við Höfða í Mývatnssveit. Til máls tók: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir.

Sveitarstjórn þakkar Birki Fanndal fyrir gagnlegar ábendingar. Í gildi er deiliskipulag fyrir Ytri Voga og Höfða sem sveitarstjórn mun byggja áframhaldandi vinnu á. Sveitarstjórn vísar erindinu til umhverfisnefndar til kynningar.

11. Samningur um mannauðsráðgjöf - 2304034

Lögð fram drög að samingi við Attentus um mannauðsráðgjöf hjá sveitarfélaginu. Fjöl-mörg verkefni liggja fyrir varðandi mannauðsmál sem rekja má til sameiningar sveitarfélaganna og brýnt er að ljúka sem fyrst. Helstu verkefnin eru kjaramál, starfslýsingar, ráðningasamningar, mannauðsstefna, fræðsluáætlun og fl.

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson, Arnór Benónýsson og Eypór Kári Ingólfsson.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. Kostnaði vegna samningsins verður mætt með sameiningarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samþykkt

12. Verksamningur um skjalastjórnun - 2304033

Lögð fram drög að verksamningi um skjalastjórnun við Skipulag og skjöl ehf. Samningurinn kveður á um ráðgjöf í skjalastjórnun fyrir Þingeyjarsveit. Um er að ræða greiningu á stöðunni, skráningu verklags ásamt innleiðingu og fræðslu. Lokaafurð verða innleiðing verklags og handbókar um skjalastjórnun sameinaðs sveitarfélags ásamt handleiðslu um frágang óvirkra skjala Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Í lok verkefnisins verði handleiðsla og fræðsla fyrir starfsmenn í sveitarfélaginu í völdu skjalakerfi. Til máls tók: Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi verksamning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins. Kostnaður við samninginn fellur undir sameiningarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samþykkt

13. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2023 - 2304036

Oddviti fer yfir stöðuna á vinnu við ársreikning sveitarfélagsins. Sameining á bókhaldi gömlu sveitarfélaga er í vinnslu, en það hefur tafist nokkuð m.a. vegna mannekklú. Einnig hefur gengið erfiðlega að fá tæknilega aðstoð sem þarf á að halda vegna sameiningar á bókhaldi. Gerð ársreiknings mun dragast vegna þessa. Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson og Arnór Benónýsson. Kynnt

14. Starfshópur um stjórnskipulag og húsnæðismál stjórnýslu sveitarfélagsins - 2304008

Lagt fram minnisblað og tillaga um nýtt stjórnskipulag Þingeyjarsveitar frá starfshópi um stjórnskipulag sem skipaður var á fundi 22. fundi sveitarstjórnar þann 13. apríl sl. Starfshópnum var falið að ljúka vinnu við stjórnskipulag og leggja tillög fyrir sveitarstjórnarfund.

Tillagan felur í sér stjórnskipulag sem byggir á þremur sviðum; fjármála- og stjórnsýslusvið, fjölskyldusvið og umhverfis- og framkvæmdasvið. Fjármála- og stjórnsýslusvið er sett fram sem stoðsvið. Starfshópurinn leggur til að ráðnir verði sviðsstjórar sem bera ábyrgð á verkefnum hvers sviðs.

Í ljósi verkefnastöðu í kjölfar sameiningar leggur starfshópurinn til að stofnuð verði ný fastanefnd sveitarstjórnar, byggðarráð. Byggðarráð hefur að meginstefnu til það hlutverk að undirbúa ákvarðanir sveitarstjórnar og hafa eftirlit með því að ákvarðanir sem hún tekur séu framkvæmdar. Byggðarráð hefur því almennt ekki það meginhlutverk að taka ákvarðanir fyrir hönd sveitarstjórnarinnar, fremur ber að líta á byggðarráð sem framkvæmdanefnd fyrir sveitarstjórnina.

Til máls tóku:

Knútur Emil Jónasson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Eypór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Í kjölfar sameiningar tók til starfa níu manna sveitarstjórn með undanþágu innviðaráðuneytisins. Til að auka skilvirkni í stjórnsýslu sveitarfélagsins vegna aukinna verkefna í kjölfar sameiningar er farin sú leið að skipa byggðaráð. Sveitarstjórn metur árangur innleiðingar byggðarráðs að ári liðnu.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu starfshópsins og felur sveitarstjóra að undirbúa breytingar á samþykktum í samræmi við tillöguna sem og reglum um starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarmanna Þingeyjarsveitar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa stöður sviðstjóra í samstarfi við ráðingastofu.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að sameiningarnefnd sem stofnuð var á 5. fundi sveitarstjórnar 15. ágúst 2022 verði lögð niður frá og með deginum í dag. Samþykkt **15. Borgað þegar hent er - 2304037**

Lagðir fram tölvupóstar og kynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og SSNE um Borgað þegar hent er (BPHE) hraðli og drög að viljayfirlýsingu þátttökusveitarfélaga. Markmið með hraðlinum er að útfæra nánar innleiðingu BPHE við innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs. Kostnaður við þátttöku er styrktur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga með ráðstöfun styrks frá umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytinu.

Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur sveitastjóra að undirrita viljayfirlýsingu þess efnis og senda umhverfisnefnd málið til kynningar. Samþykkt Halldór Þorlákur Sigurðsson vék af fundi kl. 13:46.

16. Kálfaströnd - 2202005

Á 18. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 9. febrúar sl. voru lagðir fram leigusamningar við Halldór Þ Sigurðsson og Björgu Jónasdóttur um a) leigu á 2.500m² lóð úr landi Kálfastrandar 1 í Mývatnssveit og b) um leigu á 8.11 ha. landspildu úr sömu jörð. Samningur um leigu á 2500m² lóð að Kálfaströnd í Mývatnssveit var þar samþykktur. Hins vegar var leiga á landspildu ekki samþykkt og gert ráð fyrir frekari viðræðum um efni þess samnings. Nú liggur fyrir að samningur um landspildu verður ekki gerður samhliða fyrrnefndum samningi um lóð. Sveitarstjóra er falið að undirrita viðauka varðandi samninginn um 2.500 m² lóðina. Jafnframt að vinna að þinglýsingu samningsins og aflýsingu eldri samninga sem falla niður.

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Nú liggur fyrir sveitarstjórn að samningur um landspildu verður ekki gerður samhliða fyrrnefndum samningi um lóð. Sveitarstjóra er falið að undirrita viðauka varðandi samninginn um 2.500 m² lóðina. Jafnframt að vinna að þinglýsingu samningsins og aflýsingu eldri samninga sem falla niður. Kynnt

Halldór Þorlákur Sigurðsson kom aftur til fundar kl. 13:56

17. Vatnajökulspjóðgarður - Fundargerðir - 1810004

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 108. og 109. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs frá 8. mars sl. og 13. apríl sl.

Lagt fram

18. Öldungaráð- fundargerðir - 2109024

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar öldungaráðs Norðurþings frá 6. mars sl.

Lagt fram

19. Mývatnsstofa; Fundargerðir - 2009031

Lögð fram til kynningar fundargerð aðildarfélags Mývatnsstofu frá 21. mars sl. Lagt fram

20. RAMÝ árskýrsla 2022 - 2304030

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Náttúruvannsóknarstöðvar við Mývatn fyrir árið 2022 Til máls tók: Jóna Björg Hlökkversdóttir. Lagt fram

23. Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra - Umsagnarbeiðni tækifærisleyfi dansleikur í Ljósvetningabúð - 2304038

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 26. apríl sl. Þar sem Ólafur Ingólfsson sækir um tækifærisleyfi til dansleikjahalds menntaskólana nema í Ljósvetningabúð þann 6. maí.

Til máls tók: Knútur Emil Jónasson.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt tækifærisleyfi með fyrirvara um jákvæðar umsagnir slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits en beinir því sérstaklega til leyfisveitanda að sjá til þess að gæsla verði fullnægjandi þar sem hluti gesta eru ólöggráða ungmenni. Samþykkt

21. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 6 - 2304001F

Lögð er fram til kynningar fundargerð 6. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar frá 17. apríl sl. Fundargerðin er í 2 liðum sem báðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

21.1 2303048 - Atvinnustefna Þingeyjarsveitar

Til máls tóku:

Eyþór Kári Ingólfsson, Knútur Emil Jónasson og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í að farið verði í mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu fyrir Þingeyjarsveit felur sveitarstjóra að skoða kostnað við gerð atvinnu- og nýsköpunarstefnu fyrir sveitarfélagið svo vinna geti hafist á haustmánuðum.

21.2 2304015 - Brú yfir Skjálfandafliót vegur 85

Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir, Knútur Emil Jónasson, Eyþór Kári Ingólfsson og Arnór Benónýsson.

Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur atvinnu- og nýsköpunarnefndar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að funda með fulltrúum vegagerðarinnar vegna aksturs þungra bifreiða yfir brúnnna. Jafnframt er þeim falið að funda með innviðaráðherra vegna ástands brúarinnar stöðu hennar á samgönguáætlun sem og vegamála almennt í sveitarfélaginu.

21.3 2301026 - Önnur mál, opin umræða.

22. Skipulagsnefnd - 11 - 2303008F

Lögð er fram til kynningar fundargerð 11. fundar skipulagsnefndar frá 19. apríl sl. Fundargerðin er í 8 liðum. Liður 1 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Aðrir liðir eru lagðir fram til kynningar

22.1 2208052 - Beiðni um heimild til breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að sjá um gildistöku breytingarinnar sk. 2. mgr. 32. gr. skiplaga nr. 123/2010.

22.2 2303056 - Skógar, Umsókn um byggingarleyfi f ferðapjónustuhúsi

22.3 2303038 - Vallakot, byggingarheimild

22.4 2304010 - Litluvellir - smáhýsi

22.5 2304011 - Stiklur - byggingarleyfi íbúðarhúss

22.6 2304012 - Búvellir - ferðapjónustuhús

22.7 2212011 - Byggingarleyfi að Hróarstungu 3

**22.8 2211038 - Svartárkot - gróðurhús og fjölnotahús -
Umsókn um byggingarleyfi**

Fundi slitið kl. 13.26.



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla

Prjónakaffi verður á bókasafninu
fimmtudagskvöldið 4. maí kl 19:30 – 21:30.

Komum saman með handavinnu og eigum
notalega kvöldstund.

Verið velkomin á opnun sýningar

FRÍMANNSSVEINSSONAR

Á vængjum vorsins

Safnahúsinu á Húsavík - jarðhæð,
laugardaginn 6. maí kl. 14

Verið velhamin!

Á sýningunni eru landslags-,
uppstillinga- og fígúratífar
myndir, málaðar á árunum
2022 og 2023.



MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

Óskar eftir að ráða áhugasaman starfskraft í gestamóttöku á
Bygðasafni Norður-Þingeyinga að **Snartarstöðum**
á komandi sumri



Vinnutími er frá 13-17 þriðjudaga til sunnudaga á
tímabilinu 15. júní til 31. júlí og til greina kemur að skipta
vikum á milli tveggja aðila. Tímabilið er með styttra móti
í ár þar sem gera á breytingar á sýningu safnsins og hefst
vinna við þær í ágúst.

*Snartarstaðir eru heill heimur
út af fyrir sig en þar er að
finna fjölda einstakra muna
og handverks úr héraði.*

Vinsamlegast sendið umsókn á
sefnahus@husmus.is fyrir 8. maí nk.

